

Ársskýrsla fjár og hjarðhundadeildar HRFÍ starfsárið 2022 - 2023

Síðasti ársfundur var haldinn 30.mars 2022 og hefur fundargjörð þess fundar verið birt á heimasíðu deildarinnar Smalar.net.

Ný stjórn kom saman til fyrsta fundar sem var netfundur í apríl mánuði þar sem hún skipti með sér verkum samkvæmt verklagi deildar.

Elín Lára Sigurðardóttir, formaður, Jóhanna Eivinsdóttir, gjaldkeri, Guðrún Th.Guðmundsdóttir, ritari, Edvard Birkir Dóruson, meðstjórnandi og Andrea Björk Hannesdóttir, meðstjórnandi.

Stjórnin fundaði nokkrum sinnum á árinu og voru það allt netfundir að einhverju leyti. Það fyrirkomulag er mjög skilvirkt og þægilegt þar sem við búum talsvert dreift og það auðveldar okkur að finna tíma þar sem allir geta mætt.

Eins og fram kom á síðasta ársfundi var stjórn með áform um alls konar viðburði, sumir gengu eftir aðrir ekki eins og gengur. Það var mikið um að vera í hundalífinu þar sem hömlum covid var öllum aflétt og sýningar HRFÍ hófust af fullum krafti. Deildin stóð fyrir deildarsýningu 16.júlí og var hún fyrirhuguð í Lystigarðinum Hveragerði. Þar sem veðrið snerist gegn okkur vorum við svo heppin að komast inn í Reiðhöllina í Víðidal með stuttum fyrirvara ásamt Terrier og Schnauzer deildum. Tókst sú sýning með miklum ágætum en þátttaka var minni en við höfðum vonast til. Júní - ágúst eru greinilega ekki heppilegir mánuðir fyrir deildarsýningu og horfum við til dagsetningar í september mánuði 2023.

Laugardaginn 19.nóvember buðum við upp á samverustund í Sólheimakoti með göngutúr, vöflukaffi og spjalli. Ekki mikið fjölmenni en góður andi í hópnum og allir ánægðir.

Smalaeðlispróf “Natural herding aptitude test” var haldið þann 3.desember í frábæru veðri. Þetta er í annað sinn sem smalaeðlispróf er haldið eftir reglum FCI en það var áður haldið eftir AKC reglum og veitti það próf nafnbótina HIT en FCI reglurnar veita nafnbótina NHAT. Nafnbót er ekki titill og hengist því aftan við nafn hundsins í ættbók. Talsverður áhugi er fyrir að halda stærra smalaprófið en til þess að það sé hægt vantar fleiri dómara með réttindi.

Stjórn reiknaði út stigahæstu hunda deildarinnar eftir nýju reglunum. Talsverð vinna er að safna saman þeim upplýsingum og yfirfara þannig að allt sé rétt. Þetta eru margar sýningar á ári og margir hundar sem safna stigum. Tengiliðir sáu að mestu um að safna saman fyrir sína tegund en svo þarf að færa allt inn í sameiginlega töflu og gæta þess að allt sé rétt. Stigahæsti ræktandi er fundinn eftir stigatöflu HRFÍ.

Stigahæstu hundar deildarinnar á vinnu prófum eru einnig reiknaðir út eftir stigatöflu Vinnuhundadeildar. Stigahæstu hundarnir tegunda fá allir heiðurs skjöl afhent frá deildinni. Þess má geta að nú eru 14 tegundir sem tilheyra deildinni þótt þær hafi ekki allar mætt á sýningar. Starfandi tengiliðar eru nú 10.

Stjórnin endurnýjaði á dögnum nýjan styrktarsamning við Dýrheima.

Þetta er svona í megin dráttum það sem gert hefur verið á starfsárinu. Vil ég þakka samstarfið í stjórn sem hefur verið ánægjulegt og gott.

Fyrir hönd stjórnar Fjár og hjarðhundadeildar,

Elín Lára Sigurðardóttir, formaður